

Stjórn Úrvinnslusjóðs

362. stjórnarfundur, miðvikudaginn 2. október 2024 - kl. 13:15 – 15:15

Suðurlandsbraut 24

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar (40 mín)

- Niðurstöður Talnakönnunar – skýrsla um stöðu sjóða 2023
- Söfnun á víðavangi – greiðslur til sveitarfélaga vegna 2023 og 2024
- Niðurstöður öryggisúttektar Syndis
- Alþjóðlegi rafrusldagurinn 14. október
- Greiðslufyrirkomulag til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar 2025 (kaffihlé 5 mín)

B. Til samþykktar (60 mín)

- Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2023
- Gæðastefna Úrvinnslusjóðs og innleiðing gæðakerfis
- Samstarfsviljayfirlýsing Úrvinnslusjóðs og RENAS

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (15 mín)

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ),
Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Gestir:

Benedikt Jóhannesson, Talnakönnun (BJ)

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Ársreikningur var samþykktur.
- Gæðastefna Úrvinnslusjóðs var samþykkt.
- Samstarfsviljayfirlýsing við RENAS var samþykkt.

Fundargerð

KMM bauð nýjan stjórnarmann, KMR, velkominn.

A. Til kynningar

1. Niðurstöður Talnakönnunar – skýrsla um stöðu sjóða 2023

BJ kynnti skýrslu Talnakönnunar: *Útreikningur skuldbindingar Úrvinnslusjóðs*, vinnuferli skýrslunnar, forsendur útreikninga og niðurstöður.

SBJ fór yfir ástæður þess að ráðist var í skýrslugerðina. Umræður og spurningar.

BJ var þökkud góð yfirferð og vék hann af fundi kl. 13:50.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með ráðherra til að kynna niðurstöður skýrslunnar. Umræðum að öðru leyti frestað til næsta fundar.

Tillaga KMM um að dagskrárliðir til samþykktar yrðu færðir fram fyrir dagskrárliði til kynningar var samþykkt.

B. Til samþykktar

2. Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2023

SBJ gerði grein fyrir stöðu mála.

Stjórn staðfesti ársreikninginn en ítrekar að hann endurspeglar ekki að fullu meðferð tekna samkvæmt ákvæðum laga um úrvinnslugjald heldur gætir ósamræmis.

Framsetningu ársreikningsins er hagað á þann hátt að hann endurspeglar stöðu Úrvinnslusjóðs sem ríkisaðila í A-hluta í samræmi við ákvæði laga nr.123/2015 og reglur sem gilda um reikningsskil ríkisins. Þá gefur ársreikningurinn ekki mynd af stöðu uppgjörsflokka sjóðsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 162/2002.

3. Gæðastefna Úrvinnslusjóðs og innleiðing gæðakerfis

EA kynnti yfirlit verkefnis um innleiðingu gæðakerfis og drög að gæðastefnu fyrir Úrvinnslusjóð. Gert er ráð fyrir að verkefnið nái yfir alla ferla sjóðsins og ljúki um mitt ár 2026. Stjórnarmenn lýstu ánægju með að verkefnið skuli vera að hefjast.

Gæðastefnan var samþykkt samhljóða.

4. Samstarfsviljayfirlýsing Úrvinnslusjóðs og RENAS

SBJ kynnti drög að samstarfsviljayfirlýsingu við RENAS. Stjórnarmenn fögnuðu þessu frumkvæði. Viljayfirlýsingin var samþykkt samhljóða.

Kaffihlé 5 mín

A. Til kynningar – framhald

5. Söfnun á víðavangi – greiðslur til sveitarfélaga vegna 2023 og 2024

SBJ kynnti ákvörðun um fyrirkomulag greiðslna til sveitarfélaga vegna söfnunar á víðavangi. Fram kom að sveitarfélögum hefur verið tilkynnt um tilhögun greiðslna og um hvernig þau geta sótt um greiðslur til Úrvinnslusjóðs.

6. Greiðslufyrirkomulag til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar 2025

SBJ kynnti áform um tímabundnar breytingar á fyrirkomulagi greiðslna á næsta ári sem ætluð er til einföldunar bæði fyrir Úrvinnslusjóð og sveitarfélögin. Breytingin er m.a. gerð til að koma til móts við óskir sveitarfélaga um fyrirsjáanleika greiðslna frá Úrvinnslusjóði ásamt að skapa svigrúm til aðlögunar vegna breytinga á skilgreinakerfi sjóðsins. Áætlað er að meta árangur breytinganna um mitt ár 2025.

7. Niðurstöður öryggisúttektar Syndis

SBJ kynnti niðurstöður öryggisúttektar og úrbótatillögur. Vinna er hafin við að bæta úr í samræmi við ábendingar í úttektinni. Syndis annast hluta úrbótanna.

8. Alþjóðlegi rafrusldagurinn 14. október

EA sagði stuttlega frá Alþjóðlega rafrusldeginum og þátttöku Úrvinnslusjóðs í átaki í söfnun raf- og rafeindatækja.

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála

Fundi slitið kl. 15:15.

Næsti fundur verður þann 31. október nk.